

## 091/01 - Venus HF-519

Venus HF-519, skipverji fær háprýstibunu í auga

### Venus HF-519

**Skipaskr.nr.:** 1308

**Smíðaður:** San Juan Spáni 1973 Stál

**Stærð:** 1.156,00 brl; 1.779,00 bt

**Lengd:** 77,53 m **Breidd:** 11,60 m **Dýpt:** 7,50 m

**Vél:** MaK 2.354,00 kW **Árgerð:** 1980

**Annað:**

**Földi skipverja:** 27



### Atvikalýsing

Þann 10. október 2001 var b/v. Venus staddur á ytri-höfninni í Hafnarfirði.

Skipverji var við þrif á vinnsluþilfari. Hann notaði til þess háprýstisprautu, sem hann hélt á með báðum höndum til að valda henni. Skipverjinn þurfti að færa til hluti og stöðvaði því sprautun, en dælan hélt áfram á fullum þrýstingi. Þar sem hann hélt á sprautubyssunni í annarri hendi og var að teygja sig í hlutina til að færa þá, rak hann byssuna í og höndin krepptist ósjálfrátt um gikkinn. Við það sprautaðist með fullum þrýstingi í andlit hans, með þeim afleiðingum að skurður kom á vinstri augabrún og augað skaddaðist.

Hinn slasaði var færður í land á hafnsögubát og þaðan á slysadeild.

### Við rannsókn kom fram

- að fullur þrýstingur var á kerfinu og skipverjinn hélt á sprautubyssunni með þeirri hendi sem hann stjórnaði bununni;
- að skipverjinn hafði ekki vald á sprautubyssunni með annarri hendinni.

### Nefndarálit

Nefndin telur að óvarlega hafi verið staðið að verki í þessu tilfelli. Öflugur háprýstibúnaður er hættulegur og ber að umgangast hann að mikilli gát.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin leggur til að stjórnendur geri leiðbeinandi vinnureglur um umgengni og notkun hættulegra tækja.